



Samstarfssamningur  
milli  
**Landspítala**  
og  
**Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**  
um  
**sérnám í læknisfræði**

**Samstarfssamningur á milli Landspítala og Heilbrigðisstofnunar  
Vesturlands á Akranesi um sérnám í læknisfræði**

## 1. Grein: Samstarfsaðilar

1.1 **Samstarfsaðilar:** Samstarfssamningur þessi varðar formlegt samstarf eftirfarandi aðila.

- a) Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, Ísland (Landspítali)
- b) Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Akranesi) (HVE), Merkisgerði 9, 300 Akranes

## 2. Grein: Bakgrunnur og grundvöllur sérnáms og samstarfssamnings

2.1 **Bakgrunnur:** Á undanförunum árum hefur mikil þróun átt sér stað í uppbyggingu sérnáms lækna á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á þróun sérnáms í öllum stærstu greinum lækninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla og nú er sérstaklega verið að horfa til þróunar sérnáms á landsbyggðinni.

2.2 **Grundvöllur:** Sérnað í öllum greinum læknisfræði skal fara fram samkvæmt gildandi reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi (reglugerð 853/2023). Sérnað fer fram samkvæmt marklýsingu hverrar einstakrar greinar og á þeim deildum Landspítala og HVE sem samþykktar hafa verið af mats- og hæfisnefnd, sem starfar á forræði heilbrigðisráðuneytis skv. ofangreindri reglugerð.

2.3 Stofnanir skuldbinda sig til samhæfingar varðandi gæði náms og framkvæmd þess.

## 3. Grein: Umsjón og framkvæmd

3.1. Yfirumsjón með allri umsýslu og framkvæmd þessa samnings á Landspítala er í höndum yfirlæknis sérnáms á Landspítala. Yfirumsjón með allri umsýslu á HVE og framkvæmd þessa samnings fer framkvæmdastjóri lækninga. Kennslustjórar bera ábyrgð á framkvæmd sérnáms í samvinnu við forstöðumenn eininga beggja stofnana í samræmi við gildandi starfslýsingu kennslustjóra sérnáms í læknisfræði (viðauki 1). Tryggt skal að á hvorum stað starfi í það minnsta einn meðlimur kennsluráðs hverrar þeirrar greinar þar sem sérnað fer fram á báðum stöðum.

- 3.2 Samningur þessi lýsir umgjörð og framkvæmd samstarfs stofnana í sérnámi í mismunandi greinum læknisfræði. Þegar tekin er ákvörðun um samstarf innan ákveðinnar greinar, undirrita viðeigandi kennslustjórar og ábyrgðarmenn sérnáms samstarfsyfirlýsingu (viðauki 2) og skuldbinda sig þar með til að fylgja þessum samningi.
- 3.3 Mælt er til þess að sérnámslæknum bjóðist að jafnaði að starfa í 2-6 mánuði á HVE eða í samræmi við samþykktir mats- og hæfisnefndar, innan þeirra sérgreina þar sem samstarf hefur verið samþykkt og slíkt skilgreint samkvæmt samstarfsyfirlýsingu.
- 3.4 Þess skal gætt að framkvæmd taki til allra þátta sérnáms hverrar sérgreinar og marklýsingar hennar á öllum námsstöðum. Hér er átt við skipulag handleiðslukerfis, matskerfis, notkun skráningarkerfis, kennsluprógramms og mats á framgangi.

#### 4. Grein: Ráðningarferli, ráðningasamningur og kjör sérnámslækna

- 4.1 **Ráðningaferli og ráðningasamningur:** Lausar stöður sérnámslækna eru auglýstar árlega á vegum Landspítala. Að undangengnu stöðluðu ráðningarferli í samræmi við handbók um mannauðsmál og sérnám lækna á Landspítala (viðauki 3) er gerður tímabundinn ráðningasamningur við Landspítala. Ef samvinna hefur verið staðfest milli Landspítala og HVE um sérnám í viðkomandi sérgrein er gert ráð fyrir að sérnámslæknir vinni á báðum stöðum nema sérstakar aðstæður leyfi það ekki. Skal það tekið fram í auglýsingu og ráðningasamningi og skal fulltrúi HVE taka þátt í ráðningarferli. Þegar sérnámslæknir hefur störf á HVE fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala og gerður tímabundinn ráðningasamningur við HVE.
- 4.2 Leitast skal við að skipulag og tímasetning námsstaða skuli liggja fyrir ekki síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf starfa á ári hverju.
- 4.3 **Kjör sérnámslækna:** Sérnámslæknir þiggur laun og önnur réttindi samkvæmt gildandi kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Almenn ákvæði kjarasamninga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda á meðan á ráðningasambandi við sérnámslækni stendur. Landspítali greiðir öll laun og kostnað fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar þar og HVE allan kostnað fyrir þann tíma sem sérnámslæknar starfa þar. Hvor stofnun greiðir ferðakostnað og námskeiðsgjöld vegna námsferða samkvæmt 8. kafla kjarasamnings en fjarvistir því samfara eru leystar innan þeirrar stofnunar sem sérnámslæknir starfar á þegar ferðin er farin. Leitast skal við að gæta jafnræðis við veitingu slíkra

leyfa miðað við lengd námsdvalar á hvorum stað, þannig að ekki halli á aðra stofnunina í heildina.

Áunnin staðarvaktarfrí, viðbótarfrí, frí vegna hvíldartímabrota og áunnið orlof skal tekið út eða gert upp á þeirri stofnun þar sem til þeirra stofnast. Þegar sérnámslæknir sem ráðinn hefur verið í sérnámsstöðu á forræði Landspítala hefur störf á HVE fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala en heldur áunnum réttindum þar. Ferðakostnaður á milli stofnana vegna vistaskipta er í öllum tilvikum borinn af starfsmanni nema slíkt sé tekið fram í sérstöku samkomulagi við starfsmann við ráðningu.

## 5. Grein: Ábyrgð og skyldur samstarfsaðila

5.1 Við undirritun samstarfssamnings þessa skuldbinda samstarfsaðilar sig til að:

- 5.1.1 Greiða laun og annan launatengdan kostnað sem tekur til þess tíma sem sérnámslæknir er í vinnu á viðkomandi stofnun
- 5.1.2 Tryggja í sameiningu að hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan sérnámshandleiðara
- 5.1.3 Hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan klínískan handleiðara fyrir hverja starfsstöð
- 5.1.4 Tryggja að allir klínískir handleiðarar og sérnámshandleiðarar hafi lokið viðeigandi handleiðsluþjálfun
- 5.1.5 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla hæfnikröfur marklýsingar fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar á viðkomandi stofnun og í samvinnu fyrir sérnám í heild
- 5.1.6 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi aðgang að ráðgjafar-og stuðningsteymi og heilsuvernd eins og við á ef upp koma vandamál
- 5.1.7 Tryggja að sérnámslæknar hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri kennslu sem skipulögð er innan hvernar greinar, eins og krafa er gerð um í marklýsingu og framgangskröfum. Ávallt skal nýta fjarfundabúnað ef því verður við komið.
- 5.1.8 Tryggja að viðeigandi fjarfundarbúnaður sé fyrir hendi, til samnýtingar kennslu- og námstækifæra
- 5.1.9 Taka þátt í gæðaúttektum á sérnámi í samræmi við reglugerð um sérnám lækna

5.1.10 Tryggja aðgöngu að búnaði til notkunar viðeigandi skráningarkerfi sérnáms (ePortfolio eða á pappírsformi)

**6. Grein: Uppsagnarákvæði**

6.1 Ef vanefndir verða á samstarfssamningi þessum og/eða ágreiningur verður um efndir samningsins, skulu aðilar leitast við að jafna ágreininginn og ná fram sáttum, ella er hvorum aðila heimilt að rifta samstarfssamningi þessum með tólf mánaða fyrirvara.

**7. Grein: Gildistími og endurskoðunh**

7.1 Samkomulag þetta gildir frá og með 1. nóvember 2025 til og með 30. nóvember 2030 og skal þá endurskoðað.

F.h. Landspítala

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

---

Tómas Þór Ágústsson (rafræn undirskrift)  
Framkvæmdastjóri lækninga

---

Sigurður Einar Sigurðsson (rafræn undirskrift)  
Framkvæmdastjóri lækninga

## Undirritunarsíða

Undirritun á samstarfssamningi  
Tómas Þór Ágústsson

Undirritun samstarfssamning  
Sigurður Einar Sigurðsson